



Reglur um heiðursborgara Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt, með einróma samþykkt, að útnefna sérstakan heiðursborgara Ísafjarðarbæjar.

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara Ísafjarðarbæjar.

3. gr.

Við útnefningu heiðursborgara skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi einstaklings í þágu sveitarfélagsins og/eða afrekum í þágu lands og þjóðar. Horfa skal til þess að viðkomandi einstaklingur hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið, störf og framganga hafi verið til fyrirmyndir og til eftirbreytni, og að viðkomandi hafi stuðlað að jákvæðri mynd sveitarfélagsins.

4. gr.

Bæjarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.

5. gr.

Bæjarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.

6. gr.

Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða (stór)afmæli viðkomandi.

7. gr.

Heiðursborgari fær viðurkenningu til staðfestingar nafnbótinni. Á skjalinu kemur fram nafn viðkomandi, dagsetning fundar bæjarstjórnar, undirritun allrar bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

8. gr.

Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Ísafjarðarbæ sem slíkur.

9. gr.

Ísafjarðarbær hefur eftirfarandi skyldur gagnvart heiðursborgara:

- a) Veitir fullan styrk sem nemur greiðslu fasteignaskatts af íbúðarhúsi heiðursborgara sem hann býr sannarlega í, í Ísafjarðarbæ.
- b) Bæjarstjórn skal heimilt samkvæmt fjárhagsáætlun að veita heiðursborgara sérstakt framlag.
- b) Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Ísafjarðarbæjar.
- c) Heldur nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.
- d) Tekur þátt í athöfn við útför heiðursborgara, þegar þar að kemur, í samráði við aðstandendur, að hámarki kr. 500.000.

10. gr.

Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverju sátu þá í bæjarstjórn/sveitarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

11. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 15. apríl 2021.